

Reykjavík, 30. desember 2019

Brot fjárfestingarsjóðs í rekstri Landsbréfa hf. gegn a. lið 1. tl. 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011

Fjármálaeftirlitinu barst tilkynning frá Landsbréfum hf., mánudaginn 26. ágúst 2019, þess efnis að fjárfestingarsjóður í rekstri félagsins, Landsbréf – Markaðsbréf sértryggð, hefði farið fram úr lögbundnu hámarki fjárfestingarheimilda föstudaginn 23. ágúst 2019.

Samkvæmt a. lið. 1. tl. 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestarsjóði er fjárfestingarsjóði heimilt að binda allt að 35% eigna sinna í peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda, enda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í verðbréfum eins útgefanda.

Félagið greip til ráðstafana þegar brotið kom í ljós og var sjóðurinn kominn innan heimilda næsta virka dag, þ.e. mánudaginn 26. ágúst 2019.

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að umræddur sjóður hefði gerst brotlegur við a. lið. 1. tl. 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 með því að fjárfesta yfir 20% af eignum sínum í verðbréfum tveggja útgefenda.

Með hliðsjón af atvikum málsins taldi Fjármálaeftirlitið ekki tilefni til að beita Landsbréf hf. viðurlögum.